



Ferðafélaginn þinn



Réttindi og notkunarreglur

1. Útilegukortið tekur gildi þegar kaupandi hefur skrifað nafn sitt aftan á Útilegukortið. Gildistími kortsins er frá kaupum fram til 15. september ár hvert.
2. Kortið veitir einungis tveim fullorðnum og allt að 4 börnum upp að 16 ára aldri fría gistingu á 36 tjaldsvæði sem eru talin upp í bæklingi þeim sem fylgir með Útilegukortinu árið 2020. Eigandi verður ætíð að framvísa korti.
3. Framvísa ber Útilegukortinu ásamt persónuskilríkjum við komu á tjaldsvæði. Hvert kort er með segulrönd og er inneign á hverju korti sem nemur 28 gistinóttum. Segulröndin er sett í posa og endurspeglar 1 króna, eina gistinótt.
4. Útilegukortið gildir 28 gistinætur fyrir einingu fyrir hvert gildisár þess. Gistinæturnar má nýta hvenær sem er fram að lokum gildistíma kortsins þann 15. september. Þegar 28 gistinætur hafa verið nýttar á kort telst það fullnýtt og er um leið ógilt enda inneignin fullnýtt.
5. Útilegukortið veitir ekki aðgang að annarri þjónustu sem tjaldsvæði kann að veita og velur að taka gjald fyrir eða er að öllu jöfnu ekki innifalið í næturgjaldi s.s. aðgangur að rafmagni. Í öllum tilfellum er aðgangur að salerni og rennandi vatni, sé sú þjónusta til staðar.
6. Virða ber reglur tjaldsvæða á hverjum stað.
7. Umsjónaraðilum tjaldsvæða er heimilt að vísa handhöfum Útilegukortsins frá tjaldsvæði vegna brota á umgengnisreglum.
8. Kortið gildir á viðkomandi tjaldsvæðum á meðan tjaldsvæðin eru opin fyrir almenning út árið 2020 en þó ekki lengur en til 15. september.

9. Heimilt er að gista á hverju tjaldsvæði í fjóra samfellda daga í senn.
10. Engin takmörk eru á því hve oft má gista á hverju tjaldsvæði yfir sumarið.
11. Umsjónaraðilum tjaldsvæða er heimilt að gera kort upptækt hafi korthafi ekki skrifað nafn sitt á viðkomandi reit aftan á Útilegukortinu, sbr. 1. mgr. hér að ofan.
12. Athugið að gistináttaskattur (333 kr. á gisti-einingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.
13. Útilegukortið er ekki forgangskort. Ef fullt er á tjaldsvæði þegar komið er á tjaldsvæðið þá veitir framvísun Útilegukortsins ekki forgang.
14. Listi yfir þau tjaldsvæði sem veita fría gistingu á tjaldsvæði sínu gegn afhendingu Útilegukortsins getur hugsanlega tekið breytingum yfir sumarið. Af þeim sökum er endanlegur og réttur listi ávallt sá sem er á heimasíðu Útilegukortsins www.utilegukortid.is en EKKI í bæklingnum sem fylgir með Útilegukortinu.

Endurgreiðsla

Útilegukortið fæst hvorki endurgreitt né bætt.

Misnotkun

Misnotkun á Útilegukortinu getur orðið til þess að það verði gert upptækt.

Ábyrgð

Útilegukortið ehf. getur ekki tekið ábyrgð á því ef tjaldstæði er lokað tímabundið eða hættir starfsemi af einhverjum orsökum.

VESTURLAND	5
Þórisstaðir	6
Varmaland	7
Taðir	8
Grundarfjörður	9
VESTFIRÐIR	10
Grettislaug	11
Flókalundur	12
Patreksfjörður	13
Tungudalur	15
Bolungarvík	16
Drangsnæs	17
NORÐURLAND	18
Hvammstangi	19
Skagaströnd	20
Sauðárkrúkur	21
Síglufjörður	22
Ólafsfjörður	23
Dalvík	24
Lónsá	25
Heiðarbær	26
Kópasker	27
Raufarhöfn	28
Möðrudalur – Fjalladýrð	29
Skýringar á táknum	30
Þórshöfn	31
KORT	32–33
AUSTURLAND	34
Seyðisfjörður	36
Norðfjörður	37
Eskifjörður	38
Reyðarfjörður	39
Fáskrúðsfjörður	40
Stöðvarfjörður	41
SUÐURLAND	42
Kleifar-Mörk	43
Langbrók	44
Hella – Gaddstaðaflatir	45
Álfaskeið	46
Skjól	47
Stokkseyri	48
Þorlákshöfn	49
Grindavík	50
Sandgerði	51




Útilegukortið kemur nú 14 sumarið í röð

Við stofnuðum Útilegukortið á sínum tíma með eitt markmið að bjóða uppá gistingu á tjaldsvæðum hringinn í kringum landið á hagkvæman hátt. Það tókst. Það hefur mikið vatn runnið til sjávar frá sumrinu 2007 sem var fyrsta sumar Útilegukortsins en það ár voru um 20 tjaldsvæði í kortinu. Að sama skapi hefur íslensk ferðapjónusta vaxið og þroskast mikið. Ísland er einstakt og nægt pláss á að vera fyrir alla. Það getur þó gerst einkum ef veður er lengi slæmt að ferðamenn færi sig á tjaldsvæði þar sem sólin skín. Þá er gott að muna að veðrið á Íslandi breytist hratt og grasið er ekki alltaf grænna hinum megin.

Í ár, líkt og í fyrra, mun afsláttarkorti frá Orkunni verða dreift frítt með Útilegukortinu. Afsláttur reiknast frá dæluverði Orkunnar eins og það er á hverjum stað. Afsláttur til korthafa er 10 kr. Við hvetjum ykkur til að nýta ykkur þennan sparnað sem getur verið verulegur þegar ferðast er um landið.

Útilegukortið þakkar þér fyrir að hafa keypt kortið og vonar að það muni veita þér og þínum ferðafélögum ánægju. Munið einnig að íslensk náttúra er einstök og hana ber að virða. Skiljum því ekki eftir okkur rusl né keyrum utan vega.

Með kveðju,
Útgefandi.



VESTURLAND

Um landshlutann

Á Vesturlandi er að finna tvo stærstu flóa Íslands, Faxaflóa og Breiðafjörð. Í Breiðafirði er slíkur fjöldi eyja að lengi hefur verið talið óvinnandi verk að festa tölu á þeim öllum. Mikil sumarhúsabyggð er á

Vesturlandi. Á Vesturlandi er að finna átta kaupstaði og kaupsýn og er Akranes þeirra stærst. Hæsta fjall landshlutans er hinn tignarlegi Snæfellsjökull á Snæfellsnesi.

Þórisstaðir	6
Varmaland	7
Þráðir	8
Grundarfjörður	9



8

Um svæðið

Tjaldsvæðið á eyrunum er staðsett á Tröðum Snæfellsbæ, fallegt fjölskylduvænt svæði við sjóinn, gott útsýni til allra átta m.a Snæfellsjökul, gullnu Löngufjörur og til fjalla. Mjög góð snyrtiaðstaða með sturtu og salernum fyrir bæði kynin.

Aðstaðan hentar vel einstaklingum, fjölskyldum og hópum, einnig er tjaldsvæðið mjög vinsælt til ættarmóta. Á tjaldsvæðinu er rafmagnstenging fyrir húsbíla og fellihýsi. Kaffihús/veitingar er í gistiheimilinu að Tröðum.

Vinsæl hestaleiga er starfrækt að Tröðum, frábær staðsetning við vestari endann á Löngufjöru. Golfvöllur er í næsta nágrenni. Það eru 11 km í sundlaugina á Lýsuhóli, Selalátur eru um 4 km frá Tröðum. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er u.þ.b. 50 km fjarlægð

Hundar eru ekki leyfðir á svæðinu.

Heimilisfang: Traðir, Snæfellsnesvegur, 356 Snæfellsbær
Sími: 431 5353
Veffang: www.tradirguesthouse.net
Netfang: tradir@tradirguesthouse.net
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfjörður: 155 km / 664 km
Opnunartími: 1 apríl – 30. október



9

Heimilisfang: 350 Grundarfjörður
Sími: 831 7242
Veffang: grundarfjordur.is
Netfang: camping@grundarfjordur.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfjörður: 177 km / 646 km
Opnunartími: 1. júní – 15. september



Um svæðið

Tjaldsvæði Grundarfjarðarbæjar er staðsett í jaðri bæjarins, rétt við íþróttamannvirki bæjarins. Svæðið sjálft skiptist í fimm mismunandi hluta. Elsti hlutinn er staðsettur í aflagðri grjótnámu sem er aðeins á bak við aðalsvæðið og skjólsælt í flestum áttum. Stærsta svæðið blasir við gestum við komuna og er kallað Ferningur. Hann er örstutt

frá sundlauginni og þar við er ærslabelgur ásamt leik-tækjum fyrir börn á skólalóðinni. Þriðja svæðið er á bakkanum fyrir ofan fótboltavöllinn en það hentar vel fyrir hjólhýsi og stærri húsbíla með góðu útsýni yfir höfnina og fjörðinn. Tvö minni svæði þar sem hægt er að tjalda henta vel fyrir hópa til að vera í næði.

Frá tjaldstaðunum er einstök fjallasýn til beggja átta ásamt útsýni yfir fjörðinn. Kirkjufellið, bæjarprýði Grundarfjarðar blasir við gestum og er mjög vinsælt að sitja úti á kvöldin og biða eftir fullkomna augnablikinu fyrir myndatöku. Stutt ganga er í alla þjónustu í bænum, hvort sem er í búðina, kaffihús, gallerí, niður á höfn eða bara liggja í leti í sundlauginni.

Grundarfjörður hentar einstaklega vel fyrir ferðalanga sem vilja tjalda á sama stað í nokkrar nætur þar sem staðsetningin er miðsvæðis á norðanverðu Snæfellsnesi í miðju sögu sviði Eyrbyggjasögu. Héðan er stutt í allar áttir, hægt að fara í dagsferð í Flatey og næsta dag hring í Snæfellsnesjökulspjóðgarðinum. Svo er boðið upp á afþreyingu á svæðinu, s.s. hestaför, kajakferðir, bátsferðir, hvala- sjóstöng og fugla-sköðun. Golfvöllur er í nágrenninu og gönguleiðir frá fyrri tíð liggja upp í fjallgarðinn og útsýni yfir Kirkjufellið er stórkostlegt.

Útilegukortið gildir ekki á bæjarhátíð Grundarfjarðar dagana 23.–26. júlí 2020.



VESTFIRÐIR



Um landshlutann

Á Vestfjörðum er að finna eina strjálbýlustu byggð Íslands enda er landshlutinn gerður úr miklum fjöllum og djúpum fjörðum. Vestfirðir eru ásamt Austfjörðum elsti hluti landsins. Á Vestfjörðum er að finna 11 þorp sem flest hafa byggt afkomu sína

á sjómennsku. Litið er um trjágróður á Vestfjörðum og er þar aðallega að finna skógarkjarr og runna. Vestfirðir hafa sérstakt útlit og yfirbragð og eru fjöllin þar brött og tignarleg.

Grettislaug	11
Flókalundur	12
Patreksfjörður	13
Tungudalur	15
Bolungarvík	16
Drangsnæs	17

Heimilisfang: Grettislaug á Reykhólum, 380 Reykhólahreppur
Sími: 430 3200
Heimasíða: www.reykholar.is
Netfang: jonthor@reykholar.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 228 km / 634 km
Opnunartími: 1. maí – 30. september



Um svæðið

Tjaldsvæðið við Grettislaug á Reykhólum við Breiðafjörð er í jaðrinum á litlu, fallegu þorpi með fjölbreyttri þjónustu. Frá svæðinu eru léttir göngustígar að fuglaskoðunarhúsi við Langavatn, steininum Grettistaki og hvernum Einireykjum. Reykhólar og Reykhóláhérað koma víða við sögu Íslands, m.a. í Grettis sögu og Þorsfirðingasögu.

Þar eru mörg örnefni sem minna á dvöl Grettis sterka á Reykhólum og aðra viðburði í fornritum. Á miðöldum voru Reykhólar auðugasta höfuðból Íslands enda einstök hlunnindajörð, einkum vegna sjávarfangs, æðarvarps og annarra náttúrunytja, og fjölmargar eyjar fylgdu. Landbúnaður er helsti atvinnuvegurinn í sveitabygðum Reykhólahrepps.

Upp úr 1970 myndaðist þorp á Reykhólum og búa þar nú um 130 manns. Niðri við sjóinn er Þorunga-verksmiðjan hf. sem veitir mörgum vinnu. Hún hefur verið nefnd einhver náttúruvænasta stóriðja í heimi. Aðrir starfa við skólana og dvalarheimili aldraðra og ýmsa þjónustu. Þjónusta við ferðafólk fer stöðugt vaxandi í Reykhólahreppi. Þar er m.a. að finna hótél, gistiheimili, ferðapjónustu bænda, upplýsingamiðstöð, verslun, veitingastaði, þaraböð og bílaviðgerðir. Á Bata- og hlunnindasýningunni á Reykhólum fær fólk m.a. að kynnst æðarfuglinum á nýjan hátt. Grettislaug á Reykhólum er 25 m útisundlaug með heitum pottum. Í Djúpadal er notaleg innilaug með heitum potti.

Í Reykhólasveit er afar fjölskrúðugt fuglalíf og eitt allra besta fuglaskoðunarsvæði hérlandis og miklar líkur að sjá hafarni. Þar eru ótalmargar fallegar gönguleiðir og margir athyglisverðir og sögufrægir staðir. Á sumrin er haldin fjögurra daga byggðarhátíð sem nefnist Reykhóladaðagur.




12

Um svæðið

Tjaldsvæðið er stutt frá Hótel Flókalundi og þaðan er gott útsýni yfir Vatnsfjörðinn. Þar er góð aðstaða fyrir tjöld, tjaldvagna og fellihýsi. Hægt er að komast í rafmagn og í þjónustuhúsi eru salerni, heitt og kalt vatn, sturtur og aðstaða fyrir uppvask.

Tjaldsvæðið er opið frá 1. júní til 10. september. Á svæðinu er bensinstöð og verslun og á hótelinu er veitingasalur.



Heimilisfang: Vatnsfjörður, 451 Patreksfjörður
Sími: 456 2011
Heimasíða: www.flokalundur.is
Netfang: flokalundur@flokalundur.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 339 km / 745 km
Opnunartími: 1. júní – 10. september



Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gisteiningu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.



13

Um svæðið

Tjaldsvæðið á Patreksfirði er staðsett við Félagsheimili Patreksfjarðar sem sést vel þegar komið er inn í bæinn. Góð aðstaða er í félagsheimilinu fyrir tjaldsvæðið, m.a. salerni, þvottavél, aðstaða til eldunar, rafmagn og seyrulósun er fyrir húsbíla, og ruslagámar eru á staðnum. Hægt er að fá leigðan sal og eldhúsaðstöðu fyrir hópa. Á Patreksfirði er gott úrval veitingastaða og kaffihúsa, auk verslunar og annarrar þjónustu. Glæsileg íþróttamiðstöð með sundlaug sem þykir skarta einu fallegasta útsýni á landinu. Hin stórfenglega náttúra svæðisins býður upp á óþrjótandi möguleika á eigin vegum en einnig er hægt er að komast í margvíslegar skipulagðar ferðir um svæðið, styttri og lengri gönguferðir, rútuferðir, siglingu og sjóstöng. Á Patreksfirði er rekin upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Á tjaldvæðinu er þröðlaust net. Í nágrenninu er Rauðisandur þar sem gjarnan glittir í selavöður, Minjasafn Egils Ólafssonar í Örlygshöfn, Látrabjarg stærsta fuglabjarg Evrópu, Selárdalur í Arnarfirði þar Gísli á Uppsölum bjó og Samúel Jónsson, listamaðurinn með barnshjartað, Dynjandi einn af fegurri fossum landsins, og safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri. Í Reykjavík er heit sundlaug og náttúruleg, margar fallegar styttri og lengri gönguleiðir auk heillandi skeljasandsfjara vítt og breitt um svæðið.

Heimilisfang: Aðalstræti 107, 450 Patreksfjörður
Sími: 456 1515
Netfang: info@vesturbbyggd.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 391 km / 783 km
Opnunartími: 1. júní – 30. september



Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gisteiningu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.

Afslátturinn er lykilatriði!

14 Kort og lyklar veita afslátt hjá bensinstöðvum Orkunnar*



Mundu eftir Orku-lyklinum/kortinu á ferðalaginu! *Afsláttur gildir ekki hjá Orkunni Dalvegi og Reykjavíkurvegi - en þar bjóðum við lægsta verð landsins - skilyrðislaust!
Fyrir aðstoð hafðu samband í síma **444-3001**, sendu okkur tölvupóst á: orkan@orkan.is eða finnsdu okkur á [facebook.com/orkanbensin](https://www.facebook.com/orkanbensin)



Heimilisfang: Tungudalur, 400 Ísafirði
Sími: 864 8592
Heimasíða: www.gih.is
Netfang: tjald@gih.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 454 km / 848 km
Opnunartími: 15. maí – 15. september



Um svæðið

Tjaldsvæðið í Tungudal er á fallegum stað inn af Ísafirði sem stundum er kallaður paradís vestursins.

Staðurinn er einstaklega skjólsæll og fagur, Bunár-foss gnæfir yfir tjaldsvæðinu og áin rennur í gegnum svæðið og skiptir því í tvo hluta, annar hlutinn er ætlaður húsbílum, hjólhýsum og tjaldvögnum og hinn hlutinn er ætlaður tjöldum.

Tvö þjónustuhús eru á svæðinu en þar er að finna móttöku, snyrtingar, sturtur, skiptiborð, þvotta-aðstöðu, eldhús og þráðlaust netsamband. Aðgengi að salerni og sturtu er fyrir hreyfihamlaða.

Á svæðinu má finna leiktæki fyrir börn og grill-aðstöðu. Gestir geta notið náttúrunnar með göngu um dalinn eða Tunguskóg sem liggur við tjaldsvæðið. Þá er 9 holu golfvöllur í túnfætinum.

Tjaldsvæðið er í um 4ra kílómetra fjarlægð frá miðbæ Ísafjarðar þar sem stutt er í stórmarkaði, sundlaug og bensinstöðvar.

Vinsamlega athugið að Útilegukortið gildir ekki um verslunarmannahelgina.

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gisteiningu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.



16

Um svæðið


Bolungarvík er myndarlegur útgerðarbær við utanvert Ísafjarðardjúp að vestanverðu. Staðurinn fékk kaupstaðarréttindi árið 1974 og íbúafjöldi er þar um 900. Víkin sem byggðin dregur nafn af snýr til norðausturs og afmarkast af Óshyrnu að sunnan og Traðarhyrnu að norðan. Vestan Bolungarvíkur heitir Stigahlið og eru þar hamrar miklir og brattlendi, svo að erfitt er um að fara. Tveir grösugir dalir ganga upp frá vikinni og milli þeirra gnæfir fjallið Ernir. Höfuðbólið og kirkjustaðurinn Hóll stendur fyrir framan mynni dalanna.

Tjaldsvæði Bolungarvíkur er við hliðina á ípróttamiðstöðinni Árbæ á fögrum stað í svokölluðum Lambhaga við bakka Hólsár. Tjaldsvæðið blasir við þegar ekið er inn í bæinn.

Á Tjaldsvæðinu er vel búið að gestum, þar er aðgangur að rafmagni, þvottavél, þurrkara og útigrilli. Sundlaugin, sem er með notalegum sundlaugargarði heitum pottum, vatnsrennibraut og frábærri sólbaðsaðstöðu, er við tjaldsvæðið.

Á Tjaldsvæði Bolungarvíkur gefst ferðalöngum tækifæri til að dvelja á skjólgóðum og friðsömum stað í mögnuðu vestfirsku umhverfi við jaðar bæjarins þar sem fjölbreytt þjónusta og afþreying er í göngufæri.

Heimilisfang: Bolungarvík, við sundlaugin 415 Bolungarvík
Sími: 456 7381
Heimasíða: www.bolungarvik.is/sund
Netfang: sundlaug@bolungarvik.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 468 km / 862 km
Opnunartími: 1. maí – 30. september



Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.



17

Heimilisfang: Drangsnes, 520 Drangsnes
Sími: 844 8701
Heimasíða: www.drangsnes.is
Netfang: drangur@drangsnes.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 264 km / 665 km
Opnunartími: 1. maí – 30. september



Um svæðið

Tjaldsvæðið á Drangsnesi er staðsett fyrir ofan þéttbýliskjarnann Drangsnes í Strandasýslu við norðanverðan Steingrímsfjörð. Góð hreinlætisaðstaða og sturtur eru við tjaldstæðið. Rafmagn er víða á svæðinu og ættu flestir að komast í rafmagn. Íþróttavöllur er við tjaldstæðið. Á Drangsnesi er

sundlaug og heitur pottur við hana ásamt barnalaug, gufubaði og líkamsrækt. Sundlaugin er alla jafna vel nýtt af gestum. Ekki má gleyma heitum pottum sem eru í fjörunni 300 m fyrir neðan tjaldstæðið en þar er einnig góð hreinlætisaðstaða og sturtur.

Tjaldsvæðið á Drangsnesi er fyrst og fremst fjölskyldusvæði og því eru ferðalangar beðnir um að takmarka akstur um svæðið og sýna öðrum tillitsemi. Ölvun og háreysti veldur tafarlausri brottvísun. Ef stærri hópar en 4–5 einingar óska eftir að nýta sér aðstöðuna á Drangsnesi þarf að hafa sambandi við umsjónarmann og athuga fyrst með laust pláss og fá í framhaldi úthlutað pláss af honum.

Góðar gönguleiðir eru í nágrenni við Drangsnes, t.d. merkt gönguleið á Bæjarfell sem er 345 m yfir sjó og þaðan er mjög viðsýnt yfir Húnaflóa og norður Strandir. Skemmtilegar fjöror eru skammt undan sem er ævintýri fyrir unga sem gamla. Verslun er á Drangsnesi ásamt veitingasölu og góðri gístaðstöðu. Afþreying er í boði, t.d. ferðir út í Grímsey en þar er náttúruparadís. Mikið fuglalíf og er Lundinn þar í þúsunda tali. Boðið er upp á siglingu og sjóstangaveiði.

Útilegukortið gildir ekki á bæjarhátíðinni Bryggjugar 16. til 19. júlí 2020.

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.



NORÐURLAND

Um landshlutann

Norðurland er frekar þéttbýlt sé miðað við aðra landshluta og er stærsti þéttbýlisstaðurinn höfuðstaður Norðurlands Akureyri. Hrossarækt er mikil á svæðinu, einkum við Skagafjörð og Húnavatnssýslu. Fjölmargar náttúruperlur er að finna

á Norðurlandi og má þar nefna klettinn Hvítserk, eitt stærsta hverasvæði landsins Hveravelli, eyjuna Þjóðsagnakenndu Drangey og við Mývatn eru hinar dulmögnuðu Dimmuborgir.

Hvammstangi	19
Skagaströnd	20
Sauðárkrökur	21
Siglufjörður	22
Ólafsfjörður	23
Dalvík	24
Lónsá	25
Heiðarbær	26
Kópasker	27
Raufarhöfn	28
Fjalladyrð	29
Þórshöfn	31



Heimilisfang: Kirkjuhvammur, 530 Hvammstangi
Sími / GSM: 615 3779 / 899 0008
Netfang: hvammur.camping@gmail.com
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirdi: 197 km / 494 km
Opnunartími: 15. maí – 15. september

Um svæðið

Tjaldstæðið er í Kirkjuhvammi á Hvammstanga. Það er staðsett aðeins 6 km frá Þjóðvegi 1, miðja vegin milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Tjaldsvæðið er einstakt, í skjólgóðum hvammi fyrir ofan bæinn, með finu þjónustuhúsi og góðri þjónustu fyrir tjald- og húsvagna. Góðar gönguleiðir eru fyrir ofan svæðið í fallegri náttúru.

Hvammstangi er stærsti þéttbýlisstaður í Húnaþingi vestra. Hann er tilvalinn áfangastaður ferðamanna, þar er mjög góð sundlaug, verslanir, veitingastaður, söfn, gallerí og önnur nauðsynleg þjónusta.

Frá Hvammstanga er stutt að keyra út á Vatnsnes sem hefur að geyma fjölmarga sögustaði, fallegt landslag og síðast en ekki síst selalátur í þægilegu göngufæri og klettinn Hvítserk.



Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.



20

Um svæðið


Tjaldsvæðið á Skagaströnd er á skjólsælum og rólegum stað rétt austan við byggðina og horfir á móti sólu. Svæðið er í fallegu umhverfi og nýtur skjóls til norðurs og austurs af lágum klettahólum sem kallaðir eru Hólaberg. Á tjaldsvæðinu er gamall bæjarhóll þar sem bærinn Höfðahólar stóð.

Runnar skipta svæðinu upp í nokkra reiti sem skapa þægilegt umhverfi fyrir tjöld, húsbíla, hjólhýsi, feli-hýsi og tjaldvagna. Rafmagnstenglar eru á nokkrum stöðum. Á svæðinu er góð aðstaða fyrir börn, spennandi náttúrulegt umhverfi og leiktæki.

Í þjónustuhúsinu er sturta, vatnssalerni, þvottavél og aðstaða til að matast innanhúss fyrir þá sem það vilja og vaskur til uppvotta. Þar má einnig fá margvíslegar upplýsingar fyrir ferðamenn, m.a. veglega bæklinga um gönguleiðir á náttúruperluna Spákonu-fellshöfða og á fjallið Spákonufell. Þarna er einnig gestabók og eru ferðalangar beðnir um að rita nöfn sín í hana.

Ferðafólk er beðið um að ganga vel um og skilja þannig við bæði tjaldsvæðið og þjónustuhúsið að aðrir geti líka notið dvalarinnar.

Heimilisfang: Hólabraut 35, 545 Skagaströnd
Símanúmer: 848 7706
Heimasíða: www.bjarmanes.is
Netfang: camping@bjarmanes.is
Opnunartími: 1. júní – 10. september
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 244 km / 436 km



Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gisteiningu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.

21

Um svæðið

Tjaldsvæðið á Sauðárkróki er staðsett á Flæðunum við Sundlaug Sauðárkróks.


Í Skagafirði er margt hægt að gera í fríinu. Vinsælt er að heimsækja söfn og sögustaði, fara í útreiðatúr eða sjá hestasýningar. Víða er hægt að renna fyrir fisk, fara í gönguferðir og fjallgöngur í fallegri náttúru og slaka svo á í sundlaugum og heitum pottum á eftir. Fljótasigling á jökulánum eða sigling úti Drangey er upplifun sem seint gleymist, sem og að spila golf í góðra vina hópi. Á vorin er notalegt að sitja í kyrrð við spegilsléttan vantsflöt og fylgjast með tilhugalífi fuglanna.

Aðstaðan


Nýtt þjónustuhús er við tjaldsvæðið þar sem er heitt og kalt vatn, sturtur, salerni, þvottavél og aðgengi fyrir fatlaða. Hægt er að kaupa rafmagn og losa ferðasalerni. Stutt er í helstu þjónustu s.s. sundlaug, verslanir, söfn, veitingastaði, golfvöll o.þ.h.

Útilegukortið gildir ekki fyrir gesti á skipulögðum íþróttamótum, Landsbankamótið 25.–27. júní og Króksmótið 6.–8. ágúst.

Heimilisfang: Sauðárkrókur, 550 Sauðárkróki
Símanúmer: 899 3231
Heimasíða: www.tjoldumiskagafirdi.is
Netfang: tjaldstaedi@gmail.com
Opnunartími: 15 maí – 15 sept.
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 291 km / 420 km



Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gisteiningu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.



22

Um svæðið

Tjaldsvæði bæjarins er staðsett í miðbænum við torgið og smábátabyggjuna. Öll þjónusta, afþreying og söfn eru í 5–10 mínútna göngufæri. Fjallasýn er mjög falleg. Sunnan við snjóflóðavarnargarðinn (Stóra bola) er annað svæði fyrir þá sem kjósa ró og frið og þaðan er stutt á golfvöllinn, í hesthúsabyggð og fuglavarpi. Um 10 mínútna gangur er niður í miðbæ.

Viðburðir í Fjallabyggð 2020
Siglufjörður og Ólafsfjörður taka vel á móti þér.

- 27. – 29. mars Siglo Freeride 2020
- 28. mars Fjallaskíðamót Super Troll Ski Race
- 9. – 13. apríl Páskafjör á skíðasvæðum Fjallabyggðar
- 10. – 11. apríl Gjörningahátíð í Alþýðuhúsinu á Siglufirði
- 5. – 7. júní Sjómannadagshátíð í Ólafsfirði
- 17. júní Hátíðarhöld í Ólafsfirði og á Siglufirði
- 1. – 5. júlí Þjóðlagahátíðin á Siglufirði
- 17. – 19. júlí Sápuboltamótið í Ólafsfirði
- 25. júlí Trilludagar á Siglufirði
- 30. júlí – 2. ág. Síldarævintýrið á Sigló
- 31. júlí – 2. ág. Berjadagar, tónlistarhátíð í Ólafsfirði
- Sept/okt Ljóðahátíðin Haustglæður í Fjallabyggð

Heimilisfang: Gránugötu 24, 580 Siglufjörður
Sími: 464 9100
Heimasíða: www.fjallabyggd.is
Netfang: fjallabyggd@fjallabyggd.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 386 km / 415 km
Opnunartími: 15. maí – 15. október



Stutt er í gönguferðir fyrir fjallagarpa, fjölbreyttar gönguleiðir. Nánari upplýsingar eru á: www.fjallabyggd.is og www.visittrollaskagi.is

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.

23

Um svæðið

Tjaldsvæðið er við Íþróttamiðstöðina í Ólafsfirði og þar er lítil tjörn með miklu fuglalífi og smásillum sem vinsælt er að veiða hjá yngri krökkunum. Einnig er 9 holu golfvöllur aðeins um 2 km frá tjaldsvæðinu og stutt er í veiði, hvort heldur sem er á bryggjuna eða í silung í Ólafsfjarðarvatni. Seld eru veiðileyfi í Fjarðará sem er inn af vatninu.

Viðburðir í Fjallabyggð 2020
Siglufjörður og Ólafsfjörður taka vel á móti þér.

- 27. – 29. mars Siglo Freeride 2020
- 28. mars Fjallaskíðamót Super Troll Ski Race
- 9. – 13. apríl Páskafjör á skíðasvæðum Fjallabyggðar
- 10. – 11. apríl Gjörningahátíð í Alþýðuhúsinu á Siglufirði
- 5. – 7. júní Sjómannadagshátíð í Ólafsfirði
- 17. júní Hátíðarhöld í Ólafsfirði og á Siglufirði
- 1. – 5. júlí Þjóðlagahátíðin á Siglufirði
- 17. – 19. júlí Sápuboltamótið í Ólafsfirði
- 25. júlí Trilludagar á Siglufirði
- 30. júlí – 2. ág. Síldarævintýrið á Sigló
- 31. júlí – 2. ág. Berjadagar, tónlistarhátíð í Ólafsfirði
- Sept/okt Ljóðahátíðin Haustglæður í Fjallabyggð

Heimilisfang: Ólafsvogi 4, 625 Ólafsfjörður
Sími: 464 9200 / 466 9100
Heimasíða: www.fjallabyggd.is
Netfang: fjallabyggd@fjallabyggd.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 403 km / 352 km
Opnunartími: 15. maí – 15. október



Stutt er í gönguferðir fyrir fjallagarpa og kajak- og árabátasiglingar á vatninu í kvöldkyrrðinni. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Fjallabyggðar: www.fjallabyggd.is og www.visittrollaskagi.is

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.



24

Um svæðið

Tjaldsvæðið á Dalvík stendur við hlið íþróttasvæðisins og skólans þegar komið er í bæinn og er alls 9.500 fm að stærð. Góða aðstaða er fyrir börn, grasbalar fyrir leiki, gervigras, körfuboltavöllur og ýmis leiktæki.

Þjónusta í boði:

Á svæðinu er góð aðstaða innandyrna þar sem hægt er að setjast niður, elda og þvo leirtau. Heitt og kalt vatn er á svæðinu sem og sturtur og snyrtingar með aðgengi fyrir fatlaða. Hægt er að komast í þvottavél, þurrkara og aðstöðu til að þurrka skóbúnað. Einnig er rennandi vatn til að fylla á vatnstanka og niðurfall fyrir losun ferðaklösetta.

Afþreying:

Fjöldmargir áhugaverðir staðir finnast á Dalvík og á Tröllaskaganum sem vert er að skoða. Tröllaskagi er ríkur af bæði náttúru- og menningarminjum og má þar t.d nefna Friðland Svarfdæla og Fólkvang í Böggvisstaðafjalli. Byggðasafnið Hvoll er vert að skoða þar sem tveir þjóðþekktir Svarfdælingar eiga sínar stofur á safninu, Jóhann Svarfdælingur sem var eitt sinn hæsti maður heimsins og Kristján Eldjárn forseti. Gestir geta notið náttúrunnar á hinum ýmsum gönguleiðum, kíkt í hvalaskoðun eða skellt sér í Björböðin sem opnuðu árið 2017.

Heimilisfang: Svarfaðarbraut, 620 Dalvík
Sími: 625 4775
Heimasíða: www.tjalda.is/dalvik/
Netfang: sundlaug@dalvikurbyggd.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 415 km / 338 km
Opnunartími: 1. júní – 15. september



Nánari upplýsingar um afþreyingu og þjónustu á svæðinu er að finna á www.visittrollaskagi.is

Útilegukortið gildir ekki yfir fiskidagsvikuna, eða frá 4.–9. ágúst 2020.

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gisteiningu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.

25


Um svæðið

Tjaldsvæðið að Lónsá var opnað í ágúst 2015, staðsett norðanmegin við Akureyri og eru 3 km í miðbæ Akureyrar.

Tjaldsvæðið er skjólsælt og rólegt og hentar vel fyrir tjöld, húsbíla og ferðavagna. Rafmagn, sturta, upphituð salerni og fin aðstaða til uppvöskunar undir berum himni.

Stutt er í alla þjónustu, upplýsingar um afþreyingu og þjónustu má finna á heimasíðunni www.visitakureyri.is

Heimilisfang: Lónsá, 601 Akureyri
Sími: 462 5037 / 691 7227
Heimasíða: www.lonsa.is
Netfang: lonsa@simnet.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 388 / 291 km
Opnunartími: 31. maí – 15. september



1 KM 2,5 KM 2,5 KM 3,5 KM

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gisteiningu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.





26

Um svæðið

Heiðarbær er staðsettur á milli Húsavíkur og Mývatns við þjóðveg nr. 87 í 20 km fjarlægð frá Húsavík. Við Heiðarbær er vel staðsett tjaldsvæði ásamt stæðum fyrir tjaldvagna, fellihýsi og húsbíla. Á tjaldstæðinu er ágæt leikaðstaða og minigolf. Boðið er upp á ahlíða veitingar og mat samkvæmt matseðli, léttvín, kaffi og meðlæti. Í Heiðarbær er auk tjaldstæðis boðið upp á svefnpokagistingu fyrir allt að 30 manns í hólfrúðum sal. Svefnpokagistingu fylgir ágætis eldunaraðstaða og hentar vel hópum. Einnig er boðið upp á gistingu í uppþúnum rúmum. Seld eru veiðileyfi í Langavatn og Kringluvatn sem eru í um 6–13 km fjarlægð frá Heiðarbær. Heiðarbær er einnig kjörinn dvalarstaður fyrir veiðimenn í nærliggjandi veiðiám.

Í Heiðarbær er sundlaug með heitum potti og er hún opin júní, júlí og ágúst frá kl. 11:00–22:00 alla daga vikunnar. Heiðarbær í Reykjahverfi er vel staðsettur fyrir þá sem skoða vilja austurhluta norðurlandsins, njóta dvalar í góðu veðri og slappa af í rólegu umhverfi. Frá Heiðarbær er stutt í flesta vinsælustu áningastaði ferðamanna á svæðinu eins og Mývatn, Goðafoss, Ásbyrgi, Jökulsárgljúfur og Laxá í Aðaldal. Frá Heiðarbær eru 20 km til Húsavíkur. Frá Húsavík eru daglegar hvalaskoðunarferðir yfir sumarmánuðina og einnig söfn s.s. hvalasafn og minjasöfn ásamt ýmsum áhugaverðum skoðunarstöðum. Í júlí er tilvalið fyrir gesti tjaldsvæðisins að skella sér á Mæru-

Heimilisfang: Heiðarbær Reykjahverfi, 641 Húsavík
Sími / GSM: 464 3903 / 864 0118
Heimasíða: www.heidarbaer.is
Netfang: heidarbaer@simnet.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 476 km / 227 km
Opnunartími: 1. júní – 10. september



daga á Húsavík sem haldnir verða síðustu helgina í mánuðinum. Þjónusta fyrir og eftir auglýstan opnunartíma fer eftir tíðarfari og því hægt er að hafa samband í síma 464 3903 fyrir utan opnunartíma ef fólk er á ferðinni.

Ef haldin eru ættarmót eða samkoma á vegum félagasamtaka þar sem samið er um sérstakan pakka, þá gildir Útilegukortið ekki til frádráttar frá umsömdu verði.

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.



27

Um svæðið

Tjaldsvæðið á Kópaskeri er við innkeyrsluna inn í þorpið. Þjónustuhúsið blasir við, með tveim vöskum, sturtu og einu salerni, en tjaldsvæðið sjálft er neðan við bakkann. Þar er mjög skjólgott úr öllum áttum nema sunnanátt.

Á tjaldsvæðinu er kolagrill, rafmagnstenglar og þvottasnúra ásamt piknik borðum.

Á Kópaskeri er heilsugæsla, útibú Lyfju, útibú Landsbankans, Skerjakolla (verslun), vinbúð, hárskeri og Röndin vélaverkstæði.

Á Kópaskeri er Skjálftasetur, Byggðasafn er rétt utan við þorpið, 9 holu þúttvöllur, leiktæki og margt fleira. Margar góðar gönguleiðir eru í nágrenninu og eru sýndar á korti við tjaldsvæðið. Í góðu veðri liggja selir á steinum við ströndina en einnig er fjölbreytt fuglalíf í þorpinu og allt í kring.

Heimilisfang: Austurtröð 4, 670 Kópasker
Sími / GSM: 845 9376
Heimasíða: www.nordurthing.is
Netfang: bjarni@fjallalamb.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 571 km
Opnunartími: 15. maí – 15. september



Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.



28

Um svæðið

Tjaldsvæðið á Raufarhöfn er á rólegum stað við tjörnina. Öll þjónusta er í göngufæri frá svæðinu. Aðstaðan á tjaldsvæðinu er góð og snyrtileg. Þar eru borð og bekkir, vaskur og salernisaðstaða sem og aðstaða fyrir hjólhýsi og húsbíla, með aðgang að rafmagni. Í þróttamiðstöðinni við hlið tjaldsvæðisins er hægt að setja í þvottavél og þurrkara gegn gjaldi. Í þróttamiðstöðinni er einnig góð innisundlaug, heitur pottur, gufa, líkamsræktarstöð og ljósastofa.

Umgjörð kaupstaðarins er einstaklega falleg. Höfnin liggur í skjóli Raufarhafnarhöfða og yfir henni vakir falleg kirkja. Ofan við þorpið er Melrakkasínn og þar mun rísa stærsta útilistaverk á Íslandi, Heimskautsgerðið, sem tvinnar saman íslenska menningu, bókmenntasögu og sigild vísindi.

Melrakkasléttur er kunn fyrir hlunnindi, fiskveiðar, fjörubeit, æðarvarp, eggjatöku, og gjöful veiðivötn. Þarna er einstök náttúrufergurð á vorin og sumar-kvöldum og fjölskrúðugt fuglalíf. Af Rauðanúp er stórkostlegt útsýni og návgi við fuglalífið í dröngunum Karli og Kerlingu.

Raufarhöfn, er nýrsta kaupún Íslands, aðeins 3 km frá heimskautsbaug. Útgerð hefur ávallt verið undirstöðuatvinnuvegur á Raufarhöfn og á síldarárunum var hér iðandi mannlíf. Nú ríkir meiri kyrrð yfir þorpinu og þar er gott að dvelja, fara í gönguferðir, veiði, siglingar og njóta miðnætursólarinnar.

Heimilisfang: Skólbraut, 675 Raufarhöfn
Sími / GSM: 465 1144
Heimasíða: www.nordurthing.is
Netfang: sport@raufarhofn.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 606 km
Opnunartími: 1. júní – 15. september



Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.



29

Heimilisfang: Möðrudalur, 601 Mývatn
Sími / GSM: 471 1858 / 894 0758
Heimasíða: www.fjalladyrd.is
Netfang: fjalladyrd@fjalladyrd.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 560 km / 130 km
Opnunartími: 20. maí – 10. september



Um svæðið

Ferðapjónustan Fjalladyrd við Möðrudal á Fjöllum er staðsett miðja veginni milli Mývatns og Egilsstaða við veg 901. Fjalladyrd býður gestum sínum upp á fjölbreytta þjónustu í kyrrlátu umhverfi. Staðurinn er rómaður fyrir fagra fjallasýn og viðsýni til allra átta, en þar má sjá drottningu íslenskra fjalla, Herðubreið gnæfa tignarlega yfir umhverfi sitt, Kverkfjöll rísa úr Vatnajökli og Víðidalshöllin baða sig í kvöldsolinni.

Fjallakaffi er snotur burstabær sem býður upp á þjóðlegar veitingar og hefur getið sér gott orð fyrir kraftmikla kjötsúpu og gómsætar kleinur og ástar-punga. Á kvöldverðarmatseðli hefur staðurinn getið sér gott orð fyrir heimaunnar afurðir og fer þar lambkjöt og bleikja fremst í flokki. Einnig er þar íslenskt handverk til sölu, auk hefðbundinnar ferðasjoppu.

Gistiaðstaðan er í rómantískum baðstofum í gamla stílnum sem henta vel fyrir pör, fjölskyldur eða minni hópa. Einnig er boðið uppá 1–4 manna herbergi í uppá-búnum rúmum eða í svefnpoka sem og tveggja manna herbergi í nýju snotru gistihúsi með sérbaði. Tjaldstæðið er búið öllum helstu þægindum fyrir tjaldgesti jafnt sem húsbílaeigendur, þar sem til staðar er rafmagn. Spark-völlur og frisbígfólf er til staðar fyrir fjölskylduna.

Gönguleiðir eru margar skemmtilegar út frá Möðrudal og eru þær kortlagðar, vel merktar og stikaðar. Jeppaferðir og gönguferðir um náttúruperlur norður hálendisins, t.d. á Herðubreið, í Öskju, Herðubreiðarlindir, Kverkfjöll, Hafravammagljúfur eða sérsniðnar ferðir að óskum.

Eldsneytissala í torfbæ – komið og upplifið skemmtilegri áfyllingu á bílinn!

Þjóðum uppá þylufurðir frá Möðrudal um Holuhraun, Öskju og Kverkfjöll. Í nágrenni: Dettifoss, Ásbyrgi, Jökulsárgljúfur, Askja, Kverkfjöll, Kárahnúkar, Snæfell, Sænantasel, Vopnafjörður, Mývatn, Húsavík.

Nánari upplýsingar á www.east.is.

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.

 Tjald / Tent	 Verslun / Supermarket
 Hjólhýsi / Caravan	 Veitingahús / Restaurant
 Aðgengi fyrir fatlaða / Wheelchair accessible	 Vinveitingar / Alcohol
 Upplýsingar / Information	 Kaffihús / Coffee shop
 Salerni / Toilets	 Grillaðstaða / BBQ facilities
 Wifi	 Opinn eldur bannaður / Open fires forbidden
 Heitt vatn / Hot water	 Heitir pottar / Hot tubs
 Kalt vatn / Cold water	 Sundlaug / Swimming pool
 Gámar fyrir rusl / Waste	 Innisundlaug / Indoor pool
 Klóaklosun f. húsbíla / Motorhome waste disposal	 Golf / Golf
 Þvottavél / Washing machine	 Fjallasýn / Mountain view
 Þurrkari / Dryer	 Gönguleiðir / Hikes
 Rafmagn / Electricity	 Íþróttavöllur / Sports field
 Almenningsími / Telephone	 Leikvöllur / Playground
 Sturta / Shower	 Bátaleiga / Boat rental
 Hundar í bandi leyfðir / Dogs on a leash allowed	 Hestaleiga / Horse rental
 Bensín / Gasoline	 Hestaaðstaða / Horse facilities
 Eldunaraðstaða / Cooking facilities	 Veiði / Fishing
 Bekkir & borð / Chairs & Tables	 Heilsugæsla / Hospital



Heimilisfang: við Miðholt, 680 Pórshöfn
Sími / GSM: 468 1220
Heimasíða: www.langanesbyggd.is
Netfang: sund@langanesbyggd.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 638km / 228km
Opnunartími: 1. júní – 31. ágúst



Um svæðið


Tjaldsvæðið er ofarlega í þorpinu á kyrrlátum og notalegum stað. Þaðan er öll þjónusta í þorpinu í göngufæri. Aðstaða á tjaldsvæðinu er góð. Þar eru borð og bekkir, salernis- og sturtuaðstaða og gott rými fyrir hjólhýsi og húsbíla með aðgangi

að rafmagni. Í íþróttahúsinu Verinu er aðstaðan til fyrirmyndar, þar er stór innisundlaug og heitir pottar, íþróttasalur og líkamsrækt. Þar er einnig upplýsingamiðstöðin staðsett og ýmis önnur aðstaða fyrir ferðamenn, t.d. þvottavél. Við íþróttahúsið er sparkvöllur þar sem oftast en ekki er hægt að finna bæði með- og mótspilara.

Hjarta Þórshafnar slær í takt við sjávarföllin, þar hefur útgerð og fiskvinnsla verið aðalvinnuvegurinn og því er gaman að röltu niður að höfn og kíkja á mannlífið. Þá er gaman að ganga um lystigarðinn og heilsa upp á Valda vatnsbera. Þjónusta á Þórshöfn er mjög góð, þar er heilsugæsla og apótek, verslun, veitingastaður, grillskáli, íþróttahús og sundlaug, sparisjóður, pósthús, bensínstöð, bílaverkstæði o.fl.

Áhugaverðir staðir í nágrenni Þórshafnar eru t.d. Langanes, Bakkafjörður og Rauðanes. Flugfélag Íslands er með daglegt flug frá Reykjavík með millilendingu á Akureyri. Bílaleiga Akureyrar er með útibú á Þórshöfn og býður m.a. upp á hentuga bíla til ferða út á Langanes. Einnig er Hertz bílaleiga á Þórshöfn með allar tegundir bíla. Strætó bs. er með áætlunarferðir frá Þórshöfn til Akureyrar.





AUSTURLAND

Um landshlutann

Eitt helsta einkenni Austurlands eru hinir fjölmörgu firðir sem liggja eftir strand-lengjunni allri. Kaupstaði á Austfjörðum er að finna við flest alla firði sem allir hafa sín sérken-

ni. Því er aldrei langt í afþreyingu og þjónustu á landshlutanum öllum. Eina hreindýrastofn Íslands er að finna á Austfjörðum og geta ferðamenn oft séð þeim bregða fyrir að leið sinni um landshlutann.

Seyðisfjörður	36
Norðfjörður	37
Eskifjörður	38
Reyðarfjörður	39
Fáskrúðsfjörður	40
Stöðvarfjörður	41

Í umferðinni ÚTILEGURKORTIÐ

Skil klæðningar og malarveg

Alltaf þarf að aka með gætni milli skila á malarvegi og malbiks eða klæðningar. Oft myndast hættulegir kantar eða djúpar holur við skilin. Einnig geta hættulegir kantar myndast við vegaxlir, ræsi, skurði og ristarliði. Á blindhæðum eða rétt neðan við þær má ekki stoppa.

Blindhæðir

Farið alltaf vel á hægri hluta vegar yfir blindhæðir og draga úr hraða. Blindhæðir eru ekki alltaf merktar sérstaklega á fáförnum vegum fjarri hringveginum. Á eða við blindhæðir, eða annarsstaðar þar sem veggjón er skert, má ekki stoppa því það getur valdið mikilli hættu.

Einbreiðar brýr

Aka þarf sérstaklega varlega að einbreiðum brúm og draga úr ökuhraða. Tryggja að enginn komi samtímis á móti. Sú almenna regla gildir að jafnaði að sá sem fyrstur kemur að brú fari fyrstur yfir. Sá sem bíður fer vel út á vegbrún og setur stöðuljósinn á.

Búpeningur við vegi

Viða er búpeningur meðfram vegum og því þarf ávallt að vera vakandi fyrir búpeningi í vegkanti. Sérstök hætta er á ferðum ef lömb og kind eru sitt hvoru megin við veg því algengt er að lömb hlaupi skyndilega yfir veg þegar bíll nálgast. Ef búpeningur birtist skyndilega á vegi þarf að varast að stofna eigin lífi og annarra í voða með ófyrirveguðum viðbrögðum svo sem að aka hugsunarlaust út af vegi þar sem aðstæður leyfa það ekki. Þetta á að sjálfsögðu einnig við um fugla og önnur smádyr. Líta verður vel fram á veginn.

Mætingar

Dragið ávallt úr hraða við mætingar, sérstaklega á malarvegum. Steinar þyrlast upp en hafa lítinn eigin hraða. Hraði bílanna sjálfra ákvarðar hversu hratt steinar lenda á framrúðu.

Haldið jöfnum hraða

Öruggast er að halda jöfnum hraða og sem næst hámarkshraða. Gætið þess þó að miða alltaf hraða við aðstæður hverju sinni. Of mikill hraði eða of lítill miðað við aðstæður skapar alltaf hættu. Bensín-eyðsla er í lágmarki ef hraði er jafn og á um 80–90 km/klst.

Bílalest

Þegar bílalest myndast ætti sá sem fremstur fer að víkja út á hægri kant og hleypa framúr. Ef hann gerir það ekki og framúrakstur er nauðsynlegur skal alltaf næsti bíll á eftir hægfara bílnum hefja framúraksturinn og svo koll af kolli. Í raun er það annar og þriðji bíll sem myndar bílalestina. Treysti ökumenn þeirra sér ekki framúr þeim fremsta, þurfa þeir að hafa það mikið bil að þeir sem á eftir koma geti komist inn á milli í eðlilegum framúrakstri.

Gangandi vegfarendur og hjólréiðafólk

Aka þarf varlega framhjá gangandi vegfarendum og hjólréiðafólki, sérstaklega þar sem hætta er á steinkasti og aurbleytu. Ef ekið er með tjaldvagna, fellihýsi eða aðra eftirvagna sem ná út fyrir hliðar bifreiðar skal varast að aka of nálægt þeim.





36

Um svæðið

Seyðisfjörður kúrir á milli hárra fjalla í samnefndum firði, einungis 26 km frá Egilsstöðum. Tjaldsvæðið er í hjarta bæjarins umgirt háu kjarri sem veitir gott skjól. Að aka yfir Fjarðarheiði á góðum sumardegi er öllum ógleymanlegt sem það upplifa, af mörgum er heiðarvegurinn talinn vera einn fegursti fjallvegur landsins og þó víðar væri leitað. Á svæðinu er stórt þjónustuhús með eldunaraðstöðu og setustofu fyrir gesti, þar er auk þess þvottavél, þurrkari, salerni og sturtur fyrir konur og karla með aðgengi fyrir fatlaða. Stutt er í alla þjónustu fyrir ferðamenn, stikaðar gönguleiðir og afþreyingarmöguleika sem eru fjölmargir.

Húsbílastæði eru á tveimur stöðum fyrir ca. 100 bíla, þvottaaðstaða, rafmagn og losunaraðstaða fyrir ferðasalerni er á svæðinu.

Upplýsingar um þjónustu og afþreyingarmöguleika í nágrenni tjaldsvæðisins er að finna á heimasíðunni www.visitseydisfjordur.com



Heimilisfang: Ránargata 1, 710 Seyðisfjörður
Símí / GSM: 472 1521
Heimasíða: www.visitseydisfjordur.com
Netfang: ferdamenning@sfk.is / camping@sfk.is
Fjarlægð frá Reykjavík: 681 km
Opnunartími: 1. maí – 30. september



Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.

37

Heimilisfang: Viðimýri, 740 Neskaupstað
Símí / GSM: 776 0061
Heimasíða: www.visitfjardabyggd.is
Netfang: camping.neskaupsstadur@gmail.com
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 715 km / 105 km
Opnunartími: 1. júní – 1. september




Um svæðið

Tjaldsvæðið er á fallegum útsýnisstað við snjóflóðavarnargarðana í Drangagili, ofan við Viðimýri. Á svæðinu eru sturtur, snyrting, rafmagn, leiksvæði og strandblakvöllur. Ganga má upp á varnargarðana og njóta stórkostlegs útsýnis yfir bæinn, fjörðinn og fjöllin. Upplýsingamiðstöð fyrir

ferðamenn er í anddyri Sundlaugar Norðfjarðar og er hún opin allt árið.

Safnahúsið í Neskaupstað er í fallega uppgerðu húsi við gömlu höfnina í miðbænum. Þar eru þrjú frábær söfn til húsa; Málverkasafn Tryggva Ólafssonar, Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar og Náttúrugripasafnið í Neskaupstað. Hinum megin götunnar er Kaupfélagsbarinn, sem er með glæsilegri veitingastöðum og Nesbær, rótgróið kaffihús og bistró. Sundlaug Norðfjarðar er flott útilaug með fallegri fjallasýn, heitum pottum og tveimur stórum rennibrautum. Önnur þeirra nefnist Dóri rauði og er með lengstu sundrennibrautum landsins. Í næsta nágrenni sundlaugarinnar er síðan Lystigarðurinn í Neskaupstað. Skorrahestar eru í Norðfjarðarsveit, rétt innan við bæinn, með hestaleigu og útreiðar og enn innar rekur Golfklúbbur Norðfjarðar skemmtilegan níu holu golfvöll. Fólkvangur Neskaupstaðar liggur rétt utan við bæinn, í austurhluta Norðfjarðarnáttunnar og er leiðin út í Páskahelli á meðal þekktari gönguleiða staðarins. Þrjár stórar sumarhátíðir eru haldnar á Norðfirði. Sjómannadagurinn er þriggja daga hátíð fyrstu helgina í júní, aðra helgina í júlí fer fram tónlistar- og rokkhátíðin Eistnaflug og um verslunarmannahelgina er haldin fjölskyldu- og útihátíðin Neistaflug ásamt Barðsneshlaupinu. Neskaupstaður er einn af sjö bæjakjörnum Fjarðabyggðar.

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.



38

Um svæðið

Tjaldsvæðið er í skógarreit við Bleiksána, rétt við innkeyrsluna í bæinn. Þar eru sturtur, snyrting, rafmagn og leiksvæði fyrir börnin. Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn er í anddyri Sundlaugar Eskifjarðar, sem er við innkeyrsluna í bæinn, stutt frá tjaldsvæðinu. Þar eru heitir pottar, vaðlaug og renni-brautir og er hún opin allt árið.

Gömlu rauðmáluðu sjóhúsin gefa strandlengjunni á Eskifirði einstakt svipmót og tilvalið er að renna fyrir fiski í firðinum. Aðrir vinsælir viðkomustaðir eru Sjóminjasafn Austurlands, sem gerir atvinnusögu svæðisins vönduð skil og Randulffssjóhús, glæsi-legur veitingastaður og auk þess gömul verbúð frá millistríðsárunum sem gaman er að skoða. Í þessu upprunalega sjóhúsi er einnig rekin báta- og veiðistangaleiga á sumrin. Stór útiverönd Kaffihússins á Eskifirði nýtur sín vel í sumarblíðunni og í menningarhúsinu Dahlshúsi eru oft haldnar áhuga-verðar sýningar.

Alþjóðlega vegaskiltið við ferðaþjónustuna Mjóeyri, yst í bænum, er kjörinn staður fyrir nokkrar „selfies“ og þar utar er Helgustaðarnáma, ein stærsta og þekktasta silfurbergsnáma Evrópu. Byggðarholts-völlur, skemmtilegur 9 holu golfvöllur, er rétt innan við þéttbýlið.

Heimilisfang: Strandgötu, 735 Eskifirði
Sími / GSM: 776 0127
Heimasíða: www.visitfjardabyggd.is
Netfang: fjardabyggd.camping@gmail.com
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 692 km / 80 km
Opnunartími: 1. júní – 1. september



Á milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar er Hólmanes friðland með merktum gönguleiðum og Hólma-borginni, helsta griðarstað íslenska bergdúfu-stofnsins. Eskifjörður er einn af sjö bæjarkjörnum Fjarðabyggðar.

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistiþingi fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.

39

Heimilisfang: Búðareyri, 730 Reyðarfirði
Sími / GSM: 776 0063
Heimasíða: www.visitfjardabyggd.is
Netfang: camping.reydarfjardur@gmail.com
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 677 km / 67,8 km
Opnunartími: 1. júní – 1. september



Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn er opin á sumrin í Íslenska stríðsárasafninu við Heiðarveg. Skemmtilegar gönguleiðir í fallegu umhverfi liggja meðfram byggðinni ofanverðri og upp með Búðar-árgili. Íslenska stríðsárasafnið er við uppruna-lega herbragga ofarlega í bænum. Safnið gerir hernámsárunum einstök skil, bæði hvað atburði tímabilsins snertir og tíðaranda. Í miðbæ Reyðarfjarðar er m.a. verslunarmiðstöðin Molinn og Ses-am brauðhús, sem er ekta handverksbakarí og kaffihús. Vestan við Molann er Tærgesen, eitt elsta hús Reyðarfjarðar og er þar rekið samnefndur veitinga- og gististaður. Ysta bryggjan, austan við Molann, nefnist Barkurinn og mótar enn fyrir segl-skipi sem var sókk á þessum stað sem bryggju-undirstaða. Síðustu helgina í júní er hernámsins minnst með Hernámsdeginum og er þá m.a. efnt til setuliðsskemmtunar í Íslenska stríðsárasafninu. Golfklúbbur Fjarðabyggðar rekur 9 holu golfvöll skammt innan við þéttbýlið. Hægt er að kaupa golfkort á þjónustustöð Olís.

Reyðarfjörður er landfræðileg miðja sveitar-félagsins Fjarðabyggðar og þaðan liggja leiðir til Eskifjarðar og Norðfjarðar í norðri og Fáskrúðs-fjarðar, Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur í suðri. Reyðarfjörður er einn af sjö bæjarkjörnum Fjarðabyggðar.

Um svæðið

Tjaldsvæðið er á fallegum stað við Andapollinn, lítilli tjörn á vinstri hönd við innkeyrsluna í bæinn. Á svæðinu eru sturtur, salernisaðstaða, þvottavél og rafmagn, en losun fyrir húsbíla er hjá þjónustumiðstöð Olís, skammt frá tjaldsvæðinu.

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistiþingi fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.




Um svæðið

Tjaldsvæðið er í friðsælu umhverfi við Ósinn, rétt innan við byggðina. Þar eru sturtur, snyrting, rafmagn og losun fyrir húsbíla. Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn er starfandi á sumrin í Gallerí Kolfreyju.

Kaffi Sumarlína er notalegt veitingahús stutt frá tjaldsvæðinu og steinsnar þaðan er Anna frænka, lítið handverksgallerí. Handverksgalleríð Gallerí Kolfreyja er til húsa í sögu- og handverkhúsinu Tanga, fallega uppgerðu húsi sem stendur nálægt sjónum. Galleríð er rekið af handverkssamfélaginu á Fáskrúðsfirði. Söguleg tengsl við Frakkland eru mikil á Fáskrúðsfirði og bera götur bæjarins bæði íslensk og frönsk heiti. Lokið var við endurgerð frönsku húsanna sumarið 2014, en þekktast þeirra er líklega Franski spítalinn. Þar eru nú til húsa Fosshótel Austfirðir, veitingastaðurinn l'Abri og Frakkar á Íslandsmiðum, einstakt safn sem fjallar um líf og störf franskra sjómanna hér við land. Norðurljósaafnið er rétt við Fosshótel. Franskir dagar eru fjölskylduhátíð með frönsku ívafi sem haldin er helgina fyrir verslunarmannahelgi ár hvert á Fáskrúðsfirði. Sundlaugin á Fáskrúðsfirði er notaleg innilaug með heitum útipotti. Fáskrúðsfjörður er einn af sjö bæjarkjörnum Fjarðabyggðar.

Heimilisfang: Óseyri, 750 Fáskrúðsfirði
Sími / GSM: 776 0062
Heimasíða: www.visitfjardabyggd.is
Netfang: camping.stodvarfjorður@gmail.com
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 660 km / 92,1 km
Opnunartími: 1. júní – 1. september



Heimilisfang: Fjarðarbraut, 755 Stöðvarfirði
Sími / GSM: 776 0062
Heimasíða: www.visitfjardabyggd.is
Netfang: camping.stodvarfjorður@gmail.com
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 633 km / 114 km
Opnunartími: 1. júní – 1. september



Um svæðið


Tjaldsvæðið er við austurenda byggðarinnar, með salerni, rafmagni og losun fyrir húsbíla. Það stendur við fallegt skógræktarsvæði með grillaðstöðu og leiktækjum. Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn er opin allt árið í Brekkunni.

Steinasafn Petru á Stöðvarfirði er eitt stærsta steinasafn sinnar tegundar og laðar á ári hverju til sín mikinn fjölda ferðamanna. Brekkan er allt í senn verslun, veitingastaður og upplýsingamiðstöð og skammt þar frá er veitinga- og gistiúsið Hótel Saxa. Þá hefur gamla þorpskirkjan á Stöðvarfirði verið afhelguð og þjónar nú sem lítið gistiheimili á vegum Kirkjuból. Á Stöðvarfirði er umfangsmikil lista- og handverksstarfsemi. Gallerí Snærós er eitt þekktasta listgallerí Austurlands og hefur Salthússmarkaðurinn, sem rekinn er af handverkssamfélagi Stöðvarfjarðar, getið sér gott orð fyrir úrval af vönduðu handverki. Í gamla frystihúsi staðarins er Sköpunarmiðstöðin, sem skapar list og nýttjamuni úr endurvinnanlegu hráefni og Gallerí Svarthol er með lítinn og skemmtilegan sýningarsal í einu af heimahúsum staðarins. Sundlaug Stöðvarfjarðar er lítil og falleg útilaug. Höfnin á Stöðvarfirði er einnig vinsæll viðkomustaður. Saxa er sjávarhver og eitt af þekktari náttúrufrýrbrigðum Austfjarða, en hann leynist í klettaskorningum við sjóinn, skammt utan við bæinn. Í austlægum vindáttum kurlar Saxa þara, rekavið og annað lauslegt úr sjó og þeytir hátt í loft upp. Stöðvarfjörður er einn af sjö bæjarkjörnum Fjarðabyggðar.



Um landshlutann

Heimilisfang: Kleifar-Mörk, 880 Kirkjubæjarklaustur
 Sími / GSM: 487 4675 / 863 7546 / 861 7546
 Heimasíða: <http://kleifar.123.is>
 Netfang: kleifar68@simnet.is
 Opnunartími: 1. júní – 31. ágúst
 Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 258 km / 405 km





44

Um svæðið


Nýlegt tjaldstæði í hjarta sögusviðs Njálu stendur við Kaffi Langbrók í Fljótshlíð og er rekið til hliðar við það. Á Kaffi Langbrók starfar hljómsveitin Hjólabandið sem er iðulega við æfingar og sprell á sumrin og skapast oft skemmtileg stemning á svæðinu. Á túninu er göðjuhof sem reist var upp á gamla máttann og búið er að vigja. Farið er með gesti í hofið til að syngja, blóta og fá sér einhverja hressingu og fleira. Einu sinni á sumri er haldin útihátíðin Veltingur sem Hjólabandið sér um.

Leiðarlýsing

Hringvegur 1 er einn að Hvolsvelli og þá er beygt inn Hlíðarveg og haldið áfram Fljótshlíðarveg (vegur 261) í u.þ.b. 10 km og beygt til vinstri að Kaffi Langbrók.

Verið velkomin!

Heimilisfang: Fljótshlíð, 861 Hvolsvöllur
Sími / GSM: 863 4662
Netfang: kaffilangbrok@gmail.com
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 118 km / 559 km
Opnunartími: 1. maí – 1. október



Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.



45

Um svæðið

Tjaldsvæðið Gaddstaðafötum Hellu hefur verið nýtt við Landsmót hestamanna en stendur nú handhöfum Útilegukortsins til boða. Tjaldsvæðið er rúmgott með nýju salernishúsi auk mjög góðs aðstöðuhúss þar sem má elda og snæða mat. Gaddstaðaflatir eru hluti af hestamannasvæði og skammt frá má sjá Rangárhöllina og skeiðvöll þar sem hið margfræga Landsmót íslenska hestsins er haldið reglulega.

Tjaldsvæðið er fjarri skarkala Hellu en samt mjög stutt í alla þjónustu á Hellu svo sem sundlaug, verslanir og annað. Til að komast að tjaldsvæðinu skal ekið veg merktum Gaddstaðaflatir við Stracta hótél til suðurs. Tjaldsvæðið liggur svo á vinstri hönd þegar ekið hefur verið 2–300 metra.

Útilegukortið gildir ekki á Landsmóti hestamanna, 5. til 12. júlí

Heimilisfang: Gaddstaðafötum, 850 Hella
Sími / GSM: 776 0030
Netfang: camping.hella@gmail.com
Opnunartími: 15. maí – 15. september
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 85 km / 610 km



Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.



Um svæðið

Álfaskeið liggur í fallegum dal í Hrunamannahreppi við sunnanvert Langholtsfjall skammt frá Flúðum. Ungmennafélagið í sveitinni hélt þar reglulegar útsamkomur frá árinu 1908 í nærri 60 ár og var Álfaskeið því miðstöð útihátíða á Suðurlandi við upphaf síðustu aldar.

Ungmennafélagið plantaði jafnframt mikið af trjáum og er trjágróður því í miklum blóma á Álfaskeiði og fallett skógarrjóður í kringum tjaldsvæðin. Góð aðstaða er við Álfaskeið.

Álfaskeið er fjölskyldutjaldsvæði og hefur verið vinsælt tjaldsvæði undanfarin ár enda á ekki að væsa um gesti þar. Aðeins eru um 10 kílómetrar í alla frekari þjónustu á Flúðum, sundlaug, verslun o.þ.h. Hestaleiga er á bænum Syðra-Langholti sem er ca. 1 km frá tjaldsvæðinu. Hvorki er heitt vatn né rafmagn á svæðinu.

Heimilisfang: Syðra Langholti, 845 Flúðum
Sími / GSM: 486 6774
Heimasíða: sydralangholt.is
Netfang: arnaths@gmail.com
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 99 km / 616 km
Opnunartími: 1. júní – 1. september



Heimilisfang: Kjóstaðir, 801 Geysir
Sími / GSM: 845 1566
Heimasíða: www.skjolcamping.com
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirdi: 120 km / 654 km
Opnunartími: 1. júní – 15. september



Á Skjóli er veitingahús sem opið er alla daga frá 15. maí til 15. september frá 9:00–15:00 og 18:00–23:00. Veitingahúsið býður upp á pizzuhlaðborð og grænmetisbar ásamt súpu og brauði flesta daga en hægt er að panta pizzur af matseðli í hádegi og á kvöldin.

Gestir sem gista á Skjóli fá 20% afslátt af aðgangi í Gömlu lauginu á Flúðum (Secret Lagoon). Í nágrenni er einnig hestaleigan í Myrkholti, eða í kílómetra fjarlægð. Ekki má gleyma hinum glæsilega Hauka-dalsvelli fyrir kyfingana, geysirgolf.is, sem er í tveggja kílómetra fjarlægð.

Hoppudýnan er alltaf á sínum stað ásamt rólum og sparkvelli og stutt er í Haukadalsskóg fyrir lengri eða styttri gönguferðir.

Verið hjartanlega velkomin á Skjól

Um svæðið

Skjól er nýtt tjaldsvæði mitt á milli Gullfoss og Geysis við veg nr. 35 í landi Kjóastaða 1 en það opnaði vorið 2014. Stutt er í helstu náttúruperlu landsins: 3,5 km niður að Geysi, 6 km upp að Gullfossi og um 4 km að Brúarhlöðum. Kjörbúðir eru í um 25–30 km radius.

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistieiningu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gísteiningu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.



48


Um svæðið

Stokkseyri er lítið þorp við suðurströndina sem er þekkt fyrir fuglalíf og stórbrotna og fagra fjöru þar sem skiptast á skeljasandur, sker, flúðir og lón. Öflugt lista- og menningarlíf er á svæðinu, þar sem vinnustofur, sýningarsalir og söfn leynast víða, auk handverks af ýmsu tagi. Dæmi um söfn og gallerí eru Veidisafnið, Draugasetrið, Álfa-, trölla- og norðurljósasetrið, en svo eru Gallerí Svartiklettur og Gallerí Gimli.

Gimli kaffihús er fallett kaffihús sem er með gott kaffi og léttar veitingar svo er einnig verslunin Skálinn en þar er hægt að versla eldsneyti og helstu nauðsynjavörur auk veitinga. Ekki má gleyma hinum margrómaða veitingastað Fjöruborðið, en þar fæst meðal annars heimsklassa humar og humarsúpa. Sundlaug Stokkseyrar er lítil og notaleg laug þar sem eru 2 heitir pottar og vaðlaug fyrir börnin, auk renniþrautar. Laugin er opin alla daga yfir sumartímann. Ýmis önnur afþreying er í þorpinu, til dæmis eru skemmtilegar gönguleiðir víða. Hægt er að skella sér á kajak hjá Kajakaferðum. Vor í Árborg, er hátíð sem haldin er í maí og svo Bryggjuhátíð aðra helgina í júlí. Einnig eru fleiri hátíðir í nágreinninu sem stutt er að skjótaskast á yfir daginn. Hægt er að veiða í Hraunsá, Bakkahestar eru með hestaferðir, og svo er auðvelt að komast í tengsl við dýralíf þar sem víða eru hestar á beit, kindur og jafnvel kýr.

Tjaldsvæðið á Stokkseyri er með snyrtilega salernisaðstöðu, tvær sturtur og þvottavél. Leikvöllur er

Heimilisfang: Sólvellir, 825 Stokkseyri
Sími: 896 2144
Heimasíða: www.facebook.com/tjaldastokkseyri
Netfang: tjalda38@hotmail.com
Opnunartími: 1. júní
Fjarlægð frá Reykjavík / Seyðisfirði: 64 km / 619 km



fyrir börnin og frisbee golfvöllur liggur útrá tjaldsvæðinu. Stórt útigrill sem hentar vel fyrir hópa og útibekkir til að borða við utandyra. Rafmagnstenglar og losunaraðstaða fyrir húsbíla.

Göngustígur liggur frá tjaldsvæðinu beint inn í miðbæ Stokkseyrar. Strætó gengur milli Eyrarbakka, Selfoss og Stokkseyrar alla virka daga svo stutt er í aðra afþreyingu á svæðunum í kring.

Útilegukortið gildir ekki á Bryggjuhátíð, 3.-5. júlí.

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.



49

Um svæðið

Heimilisfang: Hafnarberg 41 (við Íþróttamiðstöðina), 815 Þorlákshöfn
Sími / GSM: 480 3890 / 857 1788
Heimasíða: www.olfus.is
Netfang: ragnar@olfus.is
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 52 km / 633 km
Opnunartími: 15. maí – 1. september



Sveitarfélagið Ölfus er á suðvesturhorninu um 50 km frá Reykjavík. Það búa rúmlega 2000 manns í sveitarfélaginu og þar af um 1600 manns í Þorlákshöfn, sem er eina þéttbýlið í sveitarfélaginu.

Í Ölfusi er fjölbreytt landslag með svörtum sandfjöllum, klettabjörgum, hraunbreiðum, hellum og háhitasvæðum svo eitthvað sé nefnt. Margar fallegar gönguleiðir er að finna í sveitarfélaginu og sundlaugin í Þorlákshöfn er talin ein af betri laugum landsins með frábærri ungarnalaug innandyr fulla af leiktækjum.

Í Þorlákshöfn er einn af bestu brimbrettastöðum á Íslandi þar sem brimbrettakappar alls staðar úr heiminum koma til að prófa öldurnar. Gaman er að fylgjast með brimbrettaköppunum frá útsýnisskífunni við Hafnarnesvita.

Stutt er að keyra í Selvoginn þar sem vinsælt er að heita á Strandarkirkju eða skoða hús Einars Benediktssonar skálds í Herðisárvík.

Upplýsingamiðstöð Ölfuss er staðsett á Bæjarbókasafni Ölfuss og er opin frá kl. 12:30 til 17:30 alla virka daga. Tjaldsvæðið er staðsett fyrir aftan Íþróttamiðstöð Þorlákshafnar, við hliðina á Þorlákarkirkju.

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.




50

Um svæðið

Grindavík er vinsælasti ferðamannastaður landsins enda Bláa Lónið í anddyri bæjarins. Nýr Suðurstrandarvegur var bylting fyrir ferðapjónustuna í Grindavík á allan hátt enda hefur mikil fjölgun ferðamanna um svæðið átt sér stað eftir að hann var opnaður. Ferðapjónustuaðilar í bænum ásamt Grindavíkurbæ hafa undirbúið sig af kostgæfni og bjóða upp á fjölbreytta þjónustu og afþreyingu. Ferðamönnum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár í takt við aukna ferðapjónustu en glænýtt tjaldsvæði, eitt það glæsilegasta á landinu, var opnað sumarið 2009. Þá var stórglæsilegt þjónustuhús opnað sumarið 2011.

Grindavík er landmikið bæjarfélag. Þar er náttúrufergurð mikil með perlor eins og Eldvörp, Selatanga, Gunnhver, Brimketil, Selskóg og ýmislegt fleira. Hér er stutt í margrómaðar gönguferðir, má þar nefna nýjan malbikaðan göngustíg á milli Grindavíkur og Bláa Lónsins. Þorbjarnarfell er orðinn vinsælasta útivistarparadísin á Suðurnesjum. Fuglalíf er mikið í klettunum meðfram ströndinni við Reykjanestá. Hér er fjórhjólaleiga, eldfjallaferðir, hestaleiga, helluferðir, silungsveiði, skoðunarferðir, góður 18 holu golfvöllur í skemmtilegu umhverfi við sjóinn, rómaðir veitingastaðir og Kvikan sem býður upp á þrjár áhugaverðar sýningar (Saltfisksetrið, Guðbergsstofu og Jarðorkuna). Bæjarhátíðin Sjóarinn síkátí er stolt bæjarins. Nýr og glæsilegur baðstaður opnaði

Heimilisfang: Austurvegur 26, 240 Grindavík
Sími / GSM: 830 9090
Heimasíða: grindavikcampsite.com
Netfang: camping@grindavikcampsite.com
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 50 km / 725 km
Opnunartími: 1. maí – 30. september



við Bláa Lónið í júlí 1999 og er hann vinsælasti áfangastaður erlendra ferðamanna er sækja Ísland heim. Hópsneshringurinn er afar áhugaverður áfangastaður fyrir ferðamenn. Þar má sjá skipsflök nokkurra skipa sem strönduðu og er að finna skilti meðfram ströndinni með ítarlegum upplýsingum um sjósýslin.

Útilegukortið gildir ekki á bæjarhátíðinni Sjóarinn síkátí.

Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.

51


Um svæðið

Í Sandgerði er nýlegt tjaldsvæði sem er staðsett við Byggðarveginn. Í þjónustuhúsinu á svæðinu eru salerni, sturtur og útvaskar með heitu og köldu vatni. Hjólastólaaðgengi er að sturtum og salernum. Í húsinu er hægt að fá afnot af þvottavél og þurrkara og á tjaldsvæðinu eru rafmagnstenglar fyrir þá sem þess óska. Tjaldsvæðið er staðsett miðsvæðis í Sandgerði, öll almenn þjónusta er í göngufæri. Góð sundlaug með rennibraut og þreksal, 18 holu golfvöllur og þar er einnig að finna þekkingasetur Suðurnesja – safn sem tengir saman menn og náttúru, sýninguna Heimskautin heilla og Gallerí Listatorg þar sem eru lista-sýningar og sala á handverksmunum. Það getur verið ansi líflegt við höfnina og er gaman að koma þangað.

Í nágrenni Sandgerðis er að finna sögulega staði en þar má nefna Hvalsneskirkju, Stafnes og Básenda. Sandgerði er í 5 mín akstri frá flugvælinum og 45 mín frá miðbæ Reykjavíkur. Sandgerði er í góðu vegsambandi við Suðurland með tilkomu Suðurstrandarvegs og Ósarbotnavegs. Einnig er hægt að leigja smáhýsi sem eru á svæðinu.

Útilegukortið gildir ekki á Sandgerðisdögum.

Heimilisfang: Byggðavegi
Sími: 854 8424
Heimasíða: www.istay.is
Netfang: istay@istay.is
Opnunartími: 1. apríl – 30. september.
Fjarlægð frá Reykjavík/Seyðisfirði: 47 km / 709 km



Ath! Gistináttaskattur (333 kr. á gistingingu fyrir hverja nótt) er ekki innifalinn í Útilegukortinu.